



UMHVERFISSTOFNUN

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnессýslu
Dalbraut 12
840 Laugarvatn

Reykjavík 26. september 2016
UST201609-115/K.S.J.
10.04.02

Efni: Tillaga að aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016 - 2028

Vísað er til erindís skipulagsfulltrúa uppsveita Árnессýslu er barst 19.september sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016 – 2028.

Verslun og þjónusta - afþreyingar- og ferðamannasvæði

Í greinargerð kemur fram að fyrir liggi að hálendismiðstöð í Kerlingarfjöllum falli í flokk verslunar- og þjónustusvæða, þar sem stefnt er að umfangsmikilli veitinga-, gisti- og þjónustustarfsemi árið um kring. Umhverfisstofnun bendir á að þar sem unnið er að friðlýsingu Kerlingarfjalla og nærliggjandi svæða þá er mikilvægt að allar áætlanir um framkvæmdir á svæðinu s.s. á Ásgarðssvæðinu og Grákoll verði í samræmi við skilmála friðlýsingar.

Stakar framkvæmdir

Í kaflanum um stakar framkvæmdir kemur fram að á landbúnaðarsvæðum og óbyggðum svæðum er skv. tillöggunni heimilt að undangengnu deiliskipulagi eða grenndarkynningu að ráðast í stakar framkvæmdir án þess að skilgreina sérstaka landnotkun í aðalskipulagi. Nefndar eru framkvæmdir eins og fjarskiptamöstur, litlar vatnsaflsvirkjanir og vindrafstöðvar, áningastaðir o.fl. framkvæmdir. Að mati Umhverfisstofnunar ætti að miða við að framkvæmdin hafi farið bæði gegnum deiliskipulag og grenndarkynningu.

Íveruhús. Umhverfisstofnun bendir á að varðandi íveruhús og frístundahús á landbúnaðarsvæðum er mikilvægt að viðkomandi framkvæmdum sé ekki dreift heldur séu þær áætlaðar í samhengi við aðra byggð á viðkomandi jörð til þess að minnka áhrif á ásýnd og halda búsetulandslagi.

Fjarskiptamöstur. Varðandi fjarskiptamöstur og rafstrengi er mikilvægt að aðkoma sé skoðuð í samhengi við viðkomandi framkvæmdir. Stofnunin bendir á að oft eru ummerki eftir flutninga sjánleg og hafa meiri áhrif á umhverfið en viðkomandi framkvæmdir.

Litlar virkjanir. Umhverfisstofnun bendir á að vatnsorkuver með uppsett rafael 200 kw eða meira eru tilkynningaskyldar framkvæmdir og telur stofnunin að setja ætti mörkin við stök vatnsorkuver þar. Í greinargerð kemur fram að vindrafstöðvar sem geti verið allt að 20 m háar miðað við miðju hverfils teljist stakar framkvæmdir skv. skipulagstillöggunni. Að mati Umhverfisstofnunar ætti að miða við heildarhæð vindmyllu, þ.e. með spöðum, því það er sú hæð sem hefur áhrif á ásýnd. Einnig

að á áætluðu friðlýstu svæði yfir Kerlingarfjöll og nágrenni sem er alls 367 km² að stærð sé farið einstaklega varlega og vandað til verka þæði við efnistöku og frágang.

Í umfjöllun um efnistöku á afrétti kemur fram að lögð verði áhersla á nægt framboð efnistökusvæða í sveitarfélagini. Umhverfisstofnun bendir á að þar sem ritið *Velferð til framtíðar Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi stefnu mörkun til 2020* er nrfnt sem viðmið, að þar segir bls. 40: „*Eskilegt er að nám jarðefna fari eftir því sem hægt er fram á tiltölulega fáum afmörkuðum námasvæðum: fáar og stórar námur hafa minni neikvæð sjónræn áhrifí för með sér en margar litlar.*“ Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að stefna að sem fæstum efnistökusvæðum um leið og séð er fyrir efni.

Fráveita

Í greinargerð er umfjöllun um fráveitu er í tveim tilvikum vitnað í reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skolp. Einnig er umfjöllun um rekstur fráveitukerfis í þéttbýlinu á Flúðum í forsendukafla. Að mati Umhverfisstofnunar þyrfti að koma fram að öll fráveita skal vera í samræmi við ofangreinda reglugerð.

Virðingarfyllst


Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur


Áðalbjörg B. Guttormsdóttir
Teymisstjóri